

## Hæfniviðmið

Málstofa haldin í Mýrarhúsaskóla – Seltjarnarnesi 11.nóvember 2013 kl. 14:30-16:00.

Niðurstöður úr umræðum um atriði er tengjast gæðum prófa og mælingum

### 1. Hvernig geta próf og mælingar bætt nám?

- Leiðbeiningapróf – leiðbeiningamat
- Svindlpróf
- Endurtekningapróf – fá að taka próf aftur
- Símat
- Kannanir (nemendur fá þær í hendur)
- Gátlisti

Sem sagt fjölbreyttar prófaaðferðir þar sem nemendum er gefinn kostur á að læra um leið og læra af mistökum. Fá að ígrunda svörin sín.

Sem leiðsagnarmat, símat. Ef kennari setur nemendum markmið sem þeir vinna eftir og metið er jafnóðum samvinnupróf og svinnuglósupróf. Þegar athugað er með mælingu getu nemenda og þeir fá tækifæri strax að gera betur, endurskoða og skora hærra. Námsmatsmöppur, heimapróf, kannanir – niðurstöður skoðaðar fyrir lokapróf.

Einkunnir hækki t.d. lestrarpróf, stafapróf.

Hópurinn ræddi um mikilvægi þess að nemendur fá að læra strax af mistökum sínum. Fá þau ekki eitthvað rétt að þau fá þá að vita hvað það var og geti leitað sér réttra svara. Að halda lærdómsferlinu virku áfram í námsmatinu. Hópurinn var sammála að markmiðin séu grundvallaratriði. Kennarinn setur upp markmið sem nemendur vinni eftir og nemendur viti að hvaða markmiðum verið er að stefna að.

### 2. Hvernig geta próf og mælingar bætt kennslu?

- Hafa mismunandi próf og kannanir
- Vanda til verka þegar próf eru gerð
- Skoða efnisþættina – bæta kennsluna
- Hvað þarf að skoða vel – hvaða áherslur liggja fyrir?

Mismunandi próf, kannanir, mælingar geta sýnt fram á hæfni hópsins í víðari merkingu. Þ.e. nemendur fá tækifæri til að sanna þekkingu sína á mismunandi vegu.

- Vanda til verka þegar próf/mat eru búin til
- Skoða kennsluþætti sem komailla /vel út og bæta úr ef þess þarf.

Til að sannreyna rekjanleika og að próf séu að mæla það sem þeim er ætlað. Fjölbreytt námsmat sem byggir á fjölbreyttum kennsluháttum. Mikilvægt er að nemendur fá tækifæri til að sýna þekkingu sína á ýmsa vegu.

### 3. Hvernig tryggjum við áreiðanleika prófa innan skóla / milli skóla?

- Próf
- Markmið – samræmi við námsþætti
- Hlutfall þátta sem prófa er úr – ath. Vægi í réttu hlutfalli við námsefni og áherslur
- Breidd í þyngd efna
- Fjölbreytileiki á spurningum
- Yfirferð prófa samræmi milli kennara
- Árgangur tekur saman próf
- Samfella sé á milli árganga
- Fagleg vinnubrögð
- Milli skóla þarf: samkomulag um samsetningu einkunna, erfitt að tryggja áreiðanleika milli skóla

Vantar miðstýringu – meiri áreiðanleiki með henni.

Milli skóla er vandi: Ólík efnistöð milli skóla og ólíkar námsbækur

Með skýrum námsvísum hvernig námsmat er samansett. Margir kennari komi að hverju prófi til að auka jafnræði og jafna áherslur í námsmati.

#### Hvað vantar:

- Hugmyndabanki
  - Markmiðssetning
- } Miðstýring

Töluverðar umræðu spunnust hjá hópnum um rekjanleika og rekjanleika þá á milli skóla. Hvernig getum við tryggt áreiðanleika á milli skóla? Vandamálið er að skólarnir eru ólíkir. Þurfum við ekki að koma upp gagnagrunni sem skólar geti leitað í? Viljum við miðstýringu? Hvernig ætlum við að tryggja áreiðanleika?

### 4. Hvernig tryggjum við tengsl náms og námsmats?

- Vera með skýr markmið strax í upphafi
  - Nemandi átti sig á hvað hann á að læra og hvað hann verður metinn á
- Kennari eru stöðugt að meta markmiðin – skoða og endurskoða efnisþætti
- Grundvallaratriði:
  - Námið í takt við markmiðin og námsmatið taki mið að því
  - Athuga vel sagnorðin í námsmarkmiðum

## 5. Hvernig tryggjum við rekjanleika niðurstaða?

- Með skráningu í Mentor – stöðug skráning út frá td. Skýrum hæfnisviðmiðum (efnisþáttum)
- Vægi námsþátta sé ljóst
- Gildi prófa og verkefna sé ljóst
- Námsvísar séu skýrir
  - Leiðsagnarmat
  - Ferill námsmats skýr – markmið skýr í upphafi og framvindan skýr
  - Hvað metið, hvernig og vægi – sundurliðað námsmat

## 6. Gátlisti / Viðmið við prófagerð – hvað einkennir gott próf?

- Samræmi milli:
  - Kennara
  - Efnisþátta
  - Markmiða
  - Námssefnis
- Fjölbreytileiki spurning – bæði í skriflegum prófum, munnlegum og verklegum
- Vægi spurninga réttmætur
- Innra réttmæti
- Gildi prófa/ verkefna sé skýrt og í takt við námið
  
- Að prófið mæli það sem því er ætlað að mæla
- Skýr markmið í upphafi og gátlistinn yfir verkefni vetrarins samræmist efninu
- Sundurliðað námsmat (hlutfall á námsþætti)
- Skýrt:
  - Fyrirmæli skýr og í samræmi við markmið og námsefni vetrarins
  - Stigþyngjast svo allir eiga jákvæða upplifun af prófinu

Málstofustjóri:

Þórunna Rósa Ólafsdóttir, sá um samantekt úr umræðu- og vinnuhópum.